

## Fundargerð nr. 198

### 198. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga haldinn 22.1.2021 kl. 8:45 á Teams

Mætt: Kristín Magnúsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurjón Vídalín, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Rauntölur 2020 og áætlun 2021. – Farið yfir rauntölur. Nýr kjarasamningur í desember 2020 hafði áhrif á niðurstöður. Áætlun yfirfarin út frá nýjum kjarasamningi. Kosnaðarskipting sveitarfélaga miðast við áætlun 2021. Helga upplýsti um vinnu við innleiðingu nýrra kjarasamninga. Nýr reikningur hefur verið stofnaður fyrir launahluta rekstrar TÁ. Þórleif Gunnarsdóttir hjá Grímsnes- og Grafningshreppi hefur tekið við útsendingu innheimtukrafna til sveitarfélaga.
2. Skólinn færði starfsmönnum þakklætisgjöf vegna álags í covid ástandi. Stjórn þakkar starfsmönnum þrautseigju og hversu sveigjanlegir og úrræðagóðir þeir hafa verið á þessum álagstímum.
3. Nýr ritari verður ráðinn við skólann frá 1. mars 2021. – Núverandi ritari lætur þá af störfum vegna aldurs. Auglýst hefur verið eftir nýjum ritara en umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2021.
4. Persónuverndarfulltrúi. Reiknað er með að nýr ritari taki það hlutverk að sér.
5. Skil gagna til Héraðsskjalasafns. – Sú vinna hefur gengið vel í samvinnu við Þorstein Tryggva Mátsson hjá Héraðsskjalasafni.
6. Önnur mál.  
Jafnlaunavottun. Skólastjóri kannar hvernig þau mál standa gagnvart TÁ og upplýsinga að vænta varðandi það á næsta fundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:25/KH

*Kristín Magnúsdóttir,  
Kolbrún Haraldsdóttir,  
Sigurjón Vídalín,  
Helga Sighvatsdóttir,  
Jóhann I. Stefánsson*